

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar

Fundur fjallskilanefndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum 22. febrúar 2016.

Mættir eru: Páll Eggertsson, Jóhannes Gissurarson, Örvar Egill Kolbeinsson, Þormar Ellert Jóhannsson og fyrir hönd Landgræðslu Ríkisins, Gústav Ásbjörnsson.

Gústav les yfir landbótaáætlunina og gerðar eftirfarandi breytingar:

- Fjárfjöldi sem áætlaður var 600-700 ær með lömbum var færður upp í 700-800 til þess að auka svigrúm til fjölgunar á búfé á afréttinum á samningstímanum ef menn vilja, vikmörk frá fjárfjölda u.b.b. 20% án þess að þörf gerist á að breyta áætlun.

- Eftirfarandi setning tekin út: Fjallskilanefnd hefur heimild til þess að seinka upprekstri um allt að 10 daga..." og sett í staðinn: „Ákvörðun um upprekstrartíma skal staðfest með fundargerð fjallskilanefndar."

Gústav telur að ef þörf verði á frekari sáningu á uppgreðslusvæðum eftir 2017, þá sé það vel mögulegt að landgræðslan útvegi meira fræ, þó það sé ekki tiundað í áætluninni.

Eftir 2020 er ekki tiltekið hvernig áburðurinn skal dreifast á uppgreðslusvæðin, er það gert svo hægt sé að hagræða því eftir þörf.

Gústav merkir uppgreðslusvæði og sleppistaði inn á kort sem fylgja áætluninni.

Fundargestir skrifa undir landbótaáætlunina.

Páll Eggertsson ætlar að kynna áætlunina fyrir framleiðendum sem nýta Álftaversafrétt og safna undirskriftum.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson